

Stofnanasamningur

Fangelsismálastofnunar ríkisins og stéttarfélags sálfræðinga

Samningur þessi er byggður á kjarasamningi fjármálaráðherra og Stéttarfélags sálfræðinga á Íslandi frá 28. júní 2008

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi nær til starfsmanna Fangelsismálastofnunar ríkisins sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt ofangreindum kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Stéttarfélags sálfræðinga á Íslandi, sbr. grein 11 í þeim samningi.

2. gr.

Markmið

Meginmarkmið samkomulags þessa eru:

- a. Að hafa jafnan á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki sem vinnur að markmiðum stofnunarinnar.
- b. Að taka tillit til jafnréttis- og fjölskyldusjónarmiða.
- c. Að auka gagnsæi og hlutlægni í launaákvörðunum.
- d. Að fjölga úrræðum til að umbuna starfsmönnum fyrir vel unnin störf eða vegna sérstaks álags.
- e. Að viðhafa reglubundin starfsmannasamtöl og frammistöðumat.

3. gr.

Starfaflokkar

Til grundvallar röðun skal liggja starfslýsing viðkomandi starfsmanns. Launakerfi Fangelsismálastofnunar byggir á eftirfarandi starfaflokkum:

Sálfræðingur I

Sálfræðingur sem starfar að jafnaði á ábyrgð og undir faglegri stjórn annarra og sinnir almennum sálfræðingsstörfum.

Sálfræðingur II

Sálfræðingur sem vinnur sjálfstætt, ber ábyrgð á faglegum gæðum verkefna sinna við greiningu auk þess að veita ráðgjöf og taka þátt í þverfaglegu teymisstarfi. Hann skal hafa a.m.k. eins árs starfreynslu við stofnunina eða hafa sambærilega reynslu að mati forstjóra.

Sálfræðingur III

Sálfræðingur sem hefur umsjón með og ber ábyrgð á yfirgripsmiklum og/eða flóknum verkefnum og/eða málaflokkum sem og ákvarðanatöku, öflun gagna, úrvinnslu og miðlun upplýsinga. Með umsjón er m.a. átt við skipulagningu, samhæfingu við stefnu Fangelsismálastofnunar og stjórnun verkefna. Starfið felur í sér faglega ábyrgð. Starfið krefst samskipta og samhæfingar við aðila innan stofnunar, innanlands og erlendis.

Sálfræðingur IV

Starfið felst fyrst og fremst í viðtækri stjórnun verkefna, áætlanagerð, vinnslu greinargerða og samhæfingu verkefna. Starfið getur falið í sér forystu í þverfaglegu sérfræðiteymi og/eða mannaforráð. Í starfinu felast samskipti og samhæfing við aðila innan stofnunar, innanlands og erlendis. Miðað er við að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu umfram það sem krafist er af sálfræðingi III og að hann hafi lokið a.m.k. tveimur áföngum að sérfræðiviðurkenningu.

4. gr.

Röðun starfaflokka í launaflokka

- Sálfræðingi I er grunnraðað í launaflokk 08
- Sálfræðingi II er grunnraðað í launaflokk 11
- Sálfræðingi III er grunnraðað í launaflokk 12
- Sálfræðingi IV er grunnraðað í launaflokk 14

Röðun starfs í launaflokk er lágmarksröðun. Starf getur raðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilgreindir eru í 5. grein.

5.gr.

Frekari forsendur röðunar

Við röðun starfa innan launaramma skal, umfram það sem tiltekið er í grein 4 hér að framan, taka tillit til eftirfarandi atriða sem geta orðið til þess að raða störfum ofar en grunnröðun segir til um. Aðilar eru sammála um að taka beri tillit til eftirfarandi atriða við þá röðun:

5.1. Sérfræðiviðurkenning

- a) Hafi sálfræðingur aflað sér viðurkenndra áfanga til sérfræðingsviðurkenningar skal meta þá til hækkunar frá grunnröðun þannig að sálfræðingur hækki um eitt

launaþrep fyrir 1. áfanga, eitt eftir 2. áfanga, eitt eftir 3. áfanga og eitt eftir 4. áfanga.

Skilgreining á áföngum er sem hér segir:

I. áfangi – 75 fræðslustundir og 20 handleiðslutímar

II. áfangi – 150 fræðslustundir og 40 handleiðslutímar

III. áfangi – 225 fræðslustundir og 60 handleiðslutímar

IV. áfangi – 300 fræðslustundir og 75 handleiðslutímar

- b) Þegar sálfræðingur öðlast sérfræðingsviðurkenningu skv. reglugerð nr. 158/1990 skal starfsmaður hækka um 1 þrep til viðbótar, þ.e. sérfræðingsviðurkenning hækkar starfsmann alls um 5 þrep.

5.2. Frekari menntun

- a) Hafi sálfræðingur lokið umfangsmiklu viðbótarnámi umfram grunnám og sérfræðingsviðurkenningu eða námi sem nýtist ekki til sérfræðingsviðurkenningar skal meta það nám til 1 þreps hækkunar enda nýtist það í starfi og svari til a.m.k. 60 ECTS eininga á háskólastigi.
- b) Hafi sálfræðingur doktorspróf skal meta það til hækkunar frá grunnröðun sem nemur tveimur launaþrepum.

Verði ágreiningur um hvort nám þetta nýtist í starfi skal honum skotið til samstarfsnefndar sbr. gr. 11.2 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SÍ.

5.3. Starfsreynsla

- Sálfræðingur sem starfað hefur sem slíkur hjá Fangelsismálastofnun í samtals 5 ár skal hækka um 1 launaþrep og um annað launaþrep eftir 8 ár.
- Heimilt er að meta starfsreynslu á fagsviði vegna starfa utan Fangelsismálastofnunar.

5.4. Tímabundið álag

Ákvörðun um greiðslu tímabundins álags er tekin af forstjóra Fangelsismálastofnunar. Aukaálag greiðist vegna tímabundinna verkefna eða aukins álags sem felur í sér meira umfang og ábyrgð en gert er ráð fyrir í starfslýsingu. Álag skal aðeins greitt svo lengi sem slíkt ástand varir og skal gera um það sérstakt samkomulag. Tílefni slíks álags geta verið:

- Aukið vinnuálag vegna nýrra viðfangsefna eða aukinna verkefna.
- Sérstaklega krefjandi verkefni.

- Aukið vinnuálag vegna manneklu.

6. gr.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl milli yfirmanns og starfsmanns skulu vera árleg. Í starfsmannasamtölum gefst aðilum kostur á að fara yfir verkefnastöðu og skipulag. Þar skulu starfsánægja, árangur og væntingar til starfsins rædd. Gert er ráð fyrir að stjórnendur og starfsmenn setji sér sameiginleg markmið svo sem um starfs- og endurmenntun í starfsmannasamtölum.

7. gr.

Ágreiningur og endurskoðun

Ágreiningsmálum sem upp kunna að koma við framkvæmd stofnanasamnings þessa skal vísað til samstarfsnefnda í samræmi við ákvæði 11. kafla kjarasamnings fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og SÍ.

Varðandi endurskoðun vísast til gr. 11.4.3.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra og aðildarféлага Bandalags háskólamanna.

8. gr.

Gildistími

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. júní 2008.

Reykjavík, 18. mars 2011

f.h. Fangelsismálastofnunar ríkisins

f.h. Sálfræðingafélags Íslands

**Fylgiskjal með stofnanasamningi Fangelsismálastofnunar ríkisins og
Sálfræðingafélags Íslands**

Bókun 1

Teljist handleiðsla sálfræðingi nauðsynleg og hún nýtist í starfi við stofnunina skal hann eiga kost á allt að 10 slíkum tímum á ári á kostnað hennar.

Reykjavík, 18. mars 2011

f.h. Fangelsismálastofnunar ríkisins

f.h. Sálfræðingafélags Íslands
